

Haustfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA)

Fimmtudaginn 29. september, kl. 17:00, haldinn í Hljómahöll í Reykjanesbæ, bíosalnum

Óskar Guðjónsson formaður SFA setti fundinn.

1. Pálína Magnúsdóttir hefur verið í umræðu við útgefendur á Íslandi um útlán rafbóka og fræddi fundinn um stöðu mála. Landskerfi hefur unnið í því að finna rafbókagrunn sem hentar bókasafnsgrunninum Gegni til að geta vistað og lánað út rafbækur. Niðurstaða er komin um grunn sem heitir Overdrive og telur Pálína líklegt að rafbókaútlán geti farið af stað eftir sex mánuði á Borgarbókasafni. Útlánamódelið yrði ein bók eitt útlán. Borgarbókasafn vill prófa útlánamódelið þar til að byrja með áður en hin söfnin bætast við.

2. Óskar Guðjónsson kynnti fyrstu drög að skipulagi ferðar forstöðumanna til Þýskalands f21. mars til 24./26. mars á næsta ári (2017). Ferðafyrirkomulagið er að fljúga út á þriðjudegi til Berlínar og skoða söfn. Á föstudegi getur fólk valið að fara aftur heim eða fara á bókamessi í Leipzig og fara þá heim á sunnudegi frá Berlín. Fyrir liggur tilboð frá flugfélaginu WOW varðandi flug og gistingu sem þarf að staðfesta ekki síðar en í lok október.

3. Engin önnur mál rædd.

Fundið slitið og boðið upp á drykk af barnum.

Margrét Sigurgeirsdóttir, ritaði fundargerð